

geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

#### 4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

#### 5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiddast úr sveitarsjóði.

#### 6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

#### 7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt, sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1972.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Kópavogskaupstað.

#### 1. gr.

Félagsmálaráð Kópavogskaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar í Kópavogi í umboði bæjarstjórnar. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Kópavogi er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er félagsmálaráð ræður til starfsins. Hún á rétt á að sitja fundi félagsmálaráðs, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður, eða á annan hátt, sem félagsmálaráð eða félagsmálastjóri metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

**3. gr.**

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins, hafi t. d. lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum. Skulu þær leggja fram vottorð heilsuverndarstöðvar eða trúnaðarlæknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

**4. gr.**

Bæjarsjóður Kópavogsskaupstaðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar kunna að valda við störf sín.

**5. gr.**

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

**6. gr.**

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarráð setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og félagsmálastjóra og ráðherra staðfestir.

Félagsmálaráð getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum félagsmálastjóra og forstöðukonu heimilishjálparinnar.

Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er það telur máli skipta í þessu efni.

**7. gr.**

Félagsmálastofnunin veitir heimilishjálpinni nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði og afnot áhalda, svo og skrifstofustörf.

**8. gr.**

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Kópavogsskaupstaðar.

**9. gr.**

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og samþykkt þessari greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr rikissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr bæjarsjóði.

**10. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogsskaupstaðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 19 6. febrúar 1964 um heimilishjálp í Kópavogsskaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1972.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*